

4. september 2014 kl. 20
Kelduskóli-Korpa

Fundur fulltrúaráðs Kelduskóla

Mættir: Stjórn (Olga, Lóa, Kristjana, Sigríður, Ævar, Sigrún Helga, Ásta)
Ritari: Ásta
32 bekkjarfulltrúar, 13 fjarverandi.

Formaður foreldrafélagsins, Olga Gísladóttir, bauð fundarmenn velkomna og stjórnin kynnti sig. Allir bekkjarfulltrúarnir kynntu sig í framhaldinu.

Dagskrá fundarins var tvíþætt:

1. Kynna vetrarstarfið.
2. Hópvinna bekkjarfulltrúa

Olga byrjaði á að kynna svæði foreldrafélagsins á heimasíðu Kelduskóla.

Eftir það las Olga upp starfsreglur foreldrafélagsins, þar sem m.a. kemur fram hlutverk og helstu verkefni bekkjarfulltrúa. Starfsreglurnar er að finna á heimasíðu Kelduskóla. Olga lagði ennfremur áherslu á að starfið gangi út á það að allir taki þátt, ekki bara stjórn og bekkjarfulltrúar. Bekkjarfulltrúastarfið snúist fremur um að skipuleggja starfið og að virkja aðra foreldra. Einnig að þjóna sem milligönguliður milli foreldra og skóla t.d. ef einhver vandamál koma upp í bekknum.

Olga minntist á efni frá SAFT, sem við fengum á fyrirlestri á aðalfundi foreldrafélagsins í vor. Þar á meðal er bekkjarsáttmáli um tölvunotkun. Olga lagði það í hendur bekkjarfulltrúa að taka það áfram með foreldrum í sínum bekkjum, ef þar er vilji fyrir hendi. Þ.e. ef samstaða næst hjá foreldrahópnum í bekknum að undirrita slíkan sáttmála, sem er svo hengdur upp í kennslustofu bekkjarins.

Mælt var með því að fljótlega eftir þennan fund kalli bekkjarfulltrúarnir á foreldra á foreldravöld til að ræða málefni vetrarins, viðburði, röltið og einnig önnur mál t.d. afmæli og afmælisgjafir o.þ.h. Foreldravöldin má halda í heimashúsi eða fá afnot af skólabyggingunum, þá er best að tala við ritara eða húsvörð um slíkt. Olga benti líka á að það væri sniðugt að reyna að fá að fá einhvern til að taka við keflinu sem bekkjarfulltrúar á næsta ári sem fyrst, jafnvel strax á þessum fundi, eða fá foreldrana til að ákveða fyrirkomulag um val bekkjarfulltrúa. Þetta er sameiginlegt verkefni foreldra að finna út úr og gott að tala um í upphafi vetrar.

Kristín, gjaldkeri foreldrafélagsins, sagði frá innheimtu félagsgjalda, en greiðsluseðill mun verða sendur í heimabanka. Bréf verður sent til útskýringar áður en greiðsluseðillinn fer af stað. Gjaldið verður 1000 kr. á barn, auk innheimtukostnaðar.

Sigríður og Lóa tóku að sér að skipuleggja foreldrarölt. Sigríður greindi frá fyrirkomulaginu. Einn árgangur sér um hvern mánuð og reynt var að samræma skipulagið við skóladagatalið og fermingar o.þ.h.. Fyrirkomulagið verður þannig að foreldrar barna í yngri bekkjunum hittast við þann skóla sem barnið er í. Hjá unglिंगadeildinni hittast röltararnir hjá Bláu sjoppu. Röltstjóri ákveður hvort það verði skipt liði eða hvort allir fari saman. Settar hafa verið upp nokkrar röltleiðir sem má nota til viðmiðunar. Röltstjórar fá bakpoka með vestum í neonlitum til að gera röltara sýnilegri. Röltstjórar

skila bakpokum til Sigríðar eða Lóu þegar rölt mánaðarins er búíð. Olga talaði um að í fyrra hafi verið skipaður sérstakur röltstjóri í hverjum bekk til að leggja meiri áherslu á röltið, það kom vel út og því ákveðið að endurtaka það fyrirkomulag. Röltstjóri sér þá um röltið þennan mánuð sem bekkurinn á og sleppur við að taka að sér viðburð í staðinn. Ævar talaði um að það sé miðað við að a.m.k. 3 séu að rölta, ef færri þá er röltinu sleppt.

Olga fór yfir viðburðina og dagsetningar þeirra og hversu margir foreldrar eru settir á hvern atburð, að jafnaði. Mikilvægast ef bekkir eru fámennir að setja foreldra á bekkjarkvöldin tvö og að skipa röltstjóra, síðan dreifa rest á viðburðina.

Hvað varðar kostnaðarliði foreldrafélagsins í vetur talaði Olga um að það væri fyrirhugaður fyrirlestur fyrir foreldra um agakerfið sem skólinn er að innleiða. Einnig að unglingarnir hafi áhuga á fræðslu, frekar heldur en að fá fleiri viðburði. Líklegt að fá kynfræðslu aftur, en það var vel heppnað fyrir 2 árum. Einnig eru fleiri hugmyndir í skoðun. Að auki ætla foreldrafélagið að huga að því að endurmerkja keppnisboli sem voru keyptir áður en skólarnir voru sameinaðir.

Baráttumál síðasta árs, að fá strætó að Egilshöll, er í höfn. 6-an tekur slaufu á hringtorginu við Egilshöll núna. Ánægja er með þessa breytingu. Hins vegar viljum við fá frístundavagn í hverfið og var hvatt til þess að tekin yrði upp barátta fyrir þessu.

Eftir þetta tók við hópvinna bekkjarfulltrúa. Raðað var á borð eftir bekkjum (1.-3. bekkur, 4.-5. bekkur, 6.-7. bekkur og 8.-10. bekkur) og skipti stjórnin sér niður á borðin. Markmið með hópvinnunni var að bekkjarfulltrúar myndu kynnast og mynda tengsl sín á milli, og vinna í því að skipta foreldrum í bekknum niður á viðburði, ræða röltið og skipa röltstjóra og skipuleggja foreldrakvöld. Sumir nýttu tímann til að skipuleggja veturinn, aðrir ætla að skipuleggja starfið á foreldrakvöldinu.

Ítreka skal að bekkjarfulltrúar skili inn skipulagi bekkjarins á netfangið foreldrafelag.kelduskola@gmail.com. Þar komi fram hver er skráður á hvern viðburð, hvaða rölthelgar, nafn röltstjóra og annað.

Fundinum lauk um kl. 22.